



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

**FRAMLEIÐSLA  
VEGABRÉFA  
LEIGUHÚSNÆÐI**

**SKILAGREIN**

DESEMBER 2007



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

## FRAMLEIÐSLA VEGABRÉFA LEIGUHÚSNÆÐI

### SKILAGREIN

DESEMBER 2007



## EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR .....	3
1 UPPHAF VERKEFNIS.....	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN .....	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI .....	3
4 LEIGUSAMNINGUR.....	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI .....	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT .....	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR .....	4
8 VERKLOK.....	4
Staðfesting skilagreinar .....	4

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagreini vegna öflunar á leiguhúsnæði.

## 1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið, „Húsnæði undir framleiðslu vegabréfa“, barst frá dómismálaráðuneytinu til Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) í lok desember 2005, með ósk um að útvega ráðuneytinu húsnæði undir áðurnefnda starfsemi.

Aflað var heimildar fjármálaráðuneytisins til að vinna verkefnið.

Verkefnastjóri hjá FSR á verkefninu var Jón H. Ásbjörnsson



Brekkustígur 39, Reykjaneshöfn.

## 2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húsrýmisáætlun var unnin á FSR í samvinnu við dómismálaráðuneyti og embætti sýslumannsins í Keflavík. Áætlunin var samþykkt 17. janúar 2006 og gerði ráð fyrir að heildarstærð húsnæðis yrði um 300 fermetrar. Í áætluninni var tekið tillit til 2ja viðbótarstarfsmanna á vegum tollgæslunnar, sem ákveðið var að yrðu einnig staðsettir í húsnæðinu.

Staðsetning hafði verið ákveðin af dómismálaráðuneytinu í Reykjaneshöfn.

## 3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Eftir að embætti sýslumanns hafði gert könnun á lausu húsnæði í Reykjaneshöfn var húslýsing ásamt rýmisáætlun send til tveggja aðila, sem báðir sendu inn tilboð, og 23. janúar 2006 var ákveðið að ganga til samninga við Sverri Sverrisson ehf um leigu á hluta 2. hæðar húsnæðis að Brekkustíg 39, Reykjaneshöfn.

FSR, ásamt dómismálaráðuneytinu, yfirfóru tilboðin.



Eldhús..

## 4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamnings undir umsjón fjármálaráðuneytisins. Samningurinn er milli dómsmálaráðuneytisins, sem leigjanda, og Sverris Sverrissonar ehf., lóðjustig 1a, Reykjanesbæ, sem leigusala.

Hann er til 5 ára og tók gildi við afhendingu húsnæðisins 1. maí 2006 og lýkur 30. apríl 2011.

Heildarstærð hins leigða er 300 fermetrar.

Leigusamningur undirritaður 17. mars 2006.

## 5 TENGILÍÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti á framkvæmdatímabilinu voru tilnefndir Sverrir Sverrisson, eigandi Sverrir Sverrisson ehf., f.h. leigusala og Jón H. Ásbjörnsson, verkefnastjóri hjá FSR, fyrir hönd leigjanda.

Haldnir voru 3 hönnunarfundir, 4 verkstöðufundir og 2 úttektarfundir á framkvæmdatímabilinu.

## 6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Eftirtaldir aðilar önnuðust hönnun breytinga á húsinu:

Innra skipulag, burðarþol, neysluvatns- og frárennislagnir: Verkfræðistofa Suðurnesja.

Raf- og tölvulagnir: Rafbær ehf.

Öryggis- og framleiðslukerfi: Þorsteinn Helgi Steinarsson verkfræðingur.

Eftirlit f.h. leigusala annaðist Ingibjörg Björnsdóttir, starfsmaður Verkfræðistofu Suðurnesja og f.h. leigjanda Jón H. Ásbjörnsson verkefnastjóri hjá FSR.



## 7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið sem tekið var á leigu var áður skrifstofuhúsnæði í þökkalegu ástandi, en vegna starfseminnar þurfti að breyta herbergjaskipan í um það bil 2/3 hluta þess. Skipt var algerlega um gólfefni, fastar innréttingar og hurðir endurnýjaðar. Allt húsnæðið málað, sett upp lyfta fyrir hreyfihamlaða milli 1. og 2. hæðar og gerðar viðeigandi ráðstafanir á lóð vegna þeirra. Allar raf- og tölvulagnir endurnýjaðar. Breytingarnar fóru fram á tímabilinu febrúar-apríl 2006. Lönaðarmenn á vegum leigusala önnuðust trésmíði, dúklögn, málun og lagnavinnu en Rafóm ehf annaðist raf- og tölvulagnir ásamt uppsetningu öryggiskerfis.

Leigjandi greiddi engan aukakostnað við breytingar á húsnæðinu.

## 8 VERKLOK

Leigjandi tók við húsnæðinu 1. maí 2006. Engin formleg vígsla fór fram.

### Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri